

**Mál nr. 30/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækis (A)**

**Stórkostlegt gáleysi. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2022.

**Málsatvik.**

Samkvæmt lögregluskýrslu varð árekstur milli bifreiðanna AO-790 (A) og MG-068 (B) þann 4. desember 2019 kl. 07.29 að morgni á gatnamótum Reykjavíkurveggar og Hjallabrautar í Hafnarfirði. Myrkur var úti, hálka og snjóþekja á vegum. Ökumaður A ók Reykjavíkurveg í norðurátt og kveðst hafa verið smá utan við sig og taldi sig hafa ekið gegn rauðu ljósi. Tók hann ekki eftir bifreiðinni B sem kom úr vesturátt og allt í einu fundið högg. Ökumaður B ók Hjallabraut í austur og var að taka af stað á gatnamótunum þegar bifreiðinni A var ekið í veg fyrir hana með þeim afleiðingum að M ók bifreið sinni inn í vinstri hlið bifreiðarinnar A. Sök vegna árekstursins var skipt þannig að ökumaður A var talinn bera alla sök á árekstrinum og er ekki ágreiningur milli aðila um þá sakarskiptingu. Hefur V viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M. Með kröfubréfi dags. 30. nóvember 2021 gerði M kröfu um bætur á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í uppgjörstillögu V var kröfu um miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga hafnað.

M telur að slysið verði rakið til einbeitingarleysis ökumanns A við aksturinn og að sú háttsemi að aka bifreið gegn rauðu ljósi sé mikið og alvarlegt frávik frá þeirri skyldu sem öikumönnum ber að viðhafa við akstur og teljist vera stórfellt gáleysi ökumanns. Til stuðnings kröfum sínum vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 522/2007 og 449/2009. V hafnar því að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem geti talist stórfellt gáleysi og telur að skilyrði réttar til greiðslu bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé þar með ekki fullnægt. Telur V að við mat á því hvort háttsemi verði talin fela í sér stórfellt gáleysi verði hún að fela í sér verulegt og ámælisvert frávik frá því sem ætlast má til af gegnum og skynsömum manni í sömu aðstöðu. Við mat á þessu geti huglæg aðstaða tjónvalds einnig skipt máli og við slíkt mat verði að líta til allra atvika málsins. Sú háttsemi að aka gegn rauðu ljósi er því ekki ein og sér nægileg til þess að um stórfellt gáleysi sé að ræða heldur er þörf á heildstæðu mati. Umferðaróhöpp séu oftast vegna þess að öikumenn leggja ekki rétt mat á aðstæður. Telur V að meginorsök árekstursins verði rakið til birtuskilyrða og veðuraðstæðna á vettvangi og augnabliks eftirtektarleysi tjónvalds, sem geti þó aldrei verið jafnað til stórfellds gáleysis eins og aðstæðum var háttað.

**Álit.**

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna þann 4. desember 2019. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi ökumanns X því að fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að áreksturinn má rekja til þess að X fór yfir gatnamót Reykjavíkurveggar og Hjallabrautar gegn rauðu ljósi en það eitt og sér felur í sér almennt gáleysi en felur ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi. Leggja verður heildstætt mat á allar aðstæður og háttsemi ökumanns bifreiðarinnar A. Ökumaður A lýsti atvikinu með þeim hætti að hann hafi verið smá utan við sig og verður því ekki lagt til grundvallar að hann hafi ætlað að aka yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi. Hann var auk þess ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og ók bifreiða sinni undir hámarkshraða er atvikið átti sér stað en myrkur var úti, hálka og snjóþekja. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að ökumaður A hafi vikið svo verulega frá gildandi háttneisreglum sem honum bar að hlíta í aðdraganda árekstursins að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir